

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Hjallaskóli. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 24. febrúar 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar Hjallaskóla, Álfhólsvegi 120. Í tillögunni felst að heimilt verður að byggja tveggja hæða byggingu á norðaustur hluta lóðarinnar um 1000 m² að samanlögðum gólfleti. Með tilvísan í framkomna athugasemd var á fundi skipulagsnefndar 17. febrúar 2004 komið til móts við athugasemdina með færslu á byggingarreit. Tillagan var síðan samþykkt í bæjarstjórn með áorðnum breytingum 24. febrúar 2004 eins og áður segir.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. Höfuðból. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 23. apríl 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi á svæðinu „Milli vatns og vegar“ í Vatnsenda. Í breytingunni felst að heimilt verður að endurbyggja íbúðarhús og útihús Vatnsendabýlisins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flesjakór 3-12. Einbýli í tvíbýli. Hörðukór 2. Sambýli. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 23. apríl 2004 samþykkt tillögu að deiliskipulagi við Flesjakór 3-12. Í tillögunni felst að 9 einbýlishúsalóðum er breytt í parhúsalóðir. Jafnframt er í tillögunni gert ráð fyrir að byggingarreitur sambýlis við Hörðukór 2 sé stækkaður og fyrirkomulagi bílastæða breytt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 27. maí 2004.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.